



# Læknar gera athugasemdir við frumvarp

## BAKSVIÐ

Kristján H. Johannessen  
khj@mbl.is



**L**æknafélag Íslands gerir athugasemdir við tvö ákvæði í frumvarpi til umferðarlaga, 52. og 64. grein frumvarpsins, en að læknum er vikið í báðum þessum greinum. „Ekki er hjá því komist að gera athugasemdir við bæði ákvæðin, enda hefur að litlu ef nokkru leyti verið tekið tillit til fyrri samhljóða athugasemda,“ segir í umsögn, en Læknafélag Íslands hefur margsinnis gefið umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga, síðast árið 2012.

Í 52. grein frumvarps til umferðarlaga er fjallað um öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni og fleira. Læknafélagið tekur í umsögn sinni sérstaklega til umfjöllunar 3. og 4. málsgrein þessarar greinar og er 3. málsgrein svohljóðandi:

„Lögregla annast töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns-, svita- og þvag-sýnis. Aðrar rannsóknir og klínískt mat skal framkvæmt af lækni eða hjúkrunarfræðingi. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. Neiti ökumaður er heimilt að beita valdi við framkvæmd rannsóknar, sbr. þó 4. mgr.“ Í 4. málsgrein segir svo: „Um þvagrannsókn skv. 2. mgr. fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nema fyrir liggi ótvírátt samþykki ökumanns.“

## Ekki fram úr sakamálaögum

Í umsögn Læknafélags Íslands um 3. málslið 3. málsgreinar segir að félagið telji að klínískt mat á ökumanni í kringumstæðum sem þessum séu fyrst og fremst á færi lækna, ekki annarra heilbrigðisstarfsmanna. „Aðrar rannsóknir er hugsanlegt að aðrir heilbrigðisstarfsmenn en læknar geti gert.“

Leggur félagið þess í stað til að málsliðurinn hljóði á þann veg að aðrar rannsóknir skulu framkvæmdar af „þess til bærnum heilbrigðisstarfsmanni“ en klínískt mat skuli hins vegar framkvæmt af lækni.

Þá gerir Læknafélag Íslands einnig athugasemd við 4. og 5. málslið 4. málsgreinar þar sem kveðið er á um að ökumanni sé skylt að hlíta



Morgunblaðið/Hari

**Umferðarpungi** Hægt er að nálgast frumvarp til umferðarlaga á heimasíðu Alþingis, en þar eru einnig að finna fjölmargar umsagnir um frumvarpið.

þessari meðferð, þ.e. sýnatöku, og ef hann neitar sé heimilt að beita hann valdi án dómsúrskurðar nema varðandi þvagsýnatöku.

Læknafélagið „telur mjög vafasamt að umferðarlög gangi lengra en sakamálaög varðandi valdbeitingu til að taka lífsýni,“ segir í umsögn, en félagið telur mikilvægt að farið sé að ákvæðum laga um meðferð sakamála varðandi tökur allra þeirra lífsýna sem heimilt er að taka, háttí svo til að ökumaður samþykki ekki skýrt töku lífsýnis.

## Gengur gegn hornsteini

Í 64. grein frumvarpsins segir m.a.: „Komi fram upplýsingar við meðferð sjúklings á sjúkrahöfnun eða hjá lækni um verulega skerta hæfni viðkomandi til aksturs, m.a. vegna neyslu ávísaðra lyfja sem skerða aksturshæfni, skal gera trúnaðarlækni Samgöngustofu viðvart án tafar. Stendur þagnarskylda læknis því ekki í vegi.“

Læknafélagið segir þagnar- og trúnaðarskyldu lækna vera einn hornsteina sambands milli lækna og sjúklings. Félagið „fær ekki séð að slík hætta stafi af verulega skertri hæfni einstaklinga til aksturs að það réttlæti að læknir eigi að tilkynna um það til trúnaðarlæknis Samgöngustofu,“ segir í umsögn en slík tilkynning kann að fæla veikt fólk frá því að sækja sér læknisástoð.

## GREINARGERÐ

### Umferðarlög nútímavædd

Markmið með frumvarpi til umferðarlaga er einkum að færa umferðarlög til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu og þróun í umferðarmálum undanfarinna ára. Segir frá þessu í greinargerð með frumvarpinu.

„Þá er frumvarpinu ætlað að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga. Vonir standa til að frumvarpið leiði til aukins öryggis í umferðinni með tilheyrandi ábata fyrir samfélagið allt,“ segir þar einnig.

Með frumvarpinu er jafnframt ætlunin að taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur á umferðarmenningu og samgönguháttum undanfarna áratugi, að því er fram kemur í greinargerð.